

Skúli fógeti: Var hann "endurlífvari Íslands?"

Skúli hélt mest upp á Pétur mikla Rússakeisara af mikilmennnum sögunnar. Pétur gerði Rússland að stórveldi með því að neyða þjóðina til vestrænna háttar jafnframt því að iðnvæða landið. Hins vegar þótti Rússum sjálfum lítið athugavert við sitt göngulag áður en keisarinn mikli fór að skipta sér af því, þrátt fyrir að vestrænir menn teldu þá grófa og frumstæða. Það þarf ekki mikið ímyndunarafli til þess að sjá samlíkingu á milli Skúla fógeta og Péturs keisara. Fógetinn lagði fram árið 1751 tillögur að allsherjarviðreisn Íslands sem svipaði til aðgerða keisarans í Austurvegi. Íslenskir samtíðarmenn sáu einnig samlíkingu á milli tilburða fógetans og átrúnaðargoðs hans austur þar og höfðu í flimtingum. Skúli var fyrsti Íslendingurinn til þess að komast til metorða hjá Dönum og landar hans töldu hann hafa ofmetnast. Þeir uppfundu hann "ólærðan project-makara" eða áætlanasmið, mann sem samdi áætlanir af takmarkalausum sjálfstrausti til bjargar landinu. Þetta má sjá í kvæðinu Veðurvita:

Öll hans projectin framgang fá,
föðurlandið það sanna má,
að hér sé kominn annar Zar
er í Rússlandi forðum var;
umskapaði þess allan hag
eins gerir þessi nú í dag;
endurlífvari Íslands
eilífur skyldi titill hans.

Þessum kvæðabálki (sem er 58 erindi) var ætlað að vera öfugmælavísur, með þeim skilningi að oflof væri það sama og háð. Kvæðið var prentað án höfundarnafns árið 1781 þegar Skúli var sjötugur og einsýnt þótti að afraksturinn af lífsstarfi hans væri ruður einar. Innréttlingarnar voru á hausnum, umbætur í landbúnaði enduðu með fjárkláða, vilji Skúla í verslunarmálum hafði verið beygður, og hann sat undir ákærum fyrir vanrækslu í starfi sem landfógeti. Þar sáust afleiðingar þess að prestssonur frá Húsavík fór að leika Pétur mikla meðal kotunga hér norður frá.

Nú eru rúm 200 ár liðin frá dauða Skúla fógeta. Helmingur þjóðarinnar býr þar sem hann setti niður "projectin" sín. Gæti það staðist að oflofið sé orðið að sannindum og hægt sé að kalla hann endurlífvara Íslands?

Ólátabelgur á prestsetri

Þótt Skúli hafi ekki átt keisara að forfeðrum, þá var honum engin skömm að sínu langfeðgatali en að honum stóðu í föðurætt Guðbrandur biskup Þorláksson og í móðurætt Jón biskup Arason. Skúli fæddist tólfta desember árið 1711 í Kelduhverfi en faðir hans var prestur á Húsavík. Hann var mjög ódæll krakki og hefðbundnar uppeldisaðferðir, hýðingar og fleira þess háttar, virtust ekki hrína á kauða. Skúli var að lokum sendur til afa síns í fóstur en þeim gamla heppnaðist án ofbeldis að temja Skúla og gaf síðan heilræði um uppeldi hans: "Láttu drenginn ávallt hafa nóg að starfa, það eitt getur haldið honum í skefjum." Þessi frásögn lýsir persónuleika Skúla

en hann var ofvirkur, bæði sem barn og fullorðinn. Hann var hamhleypa til allra verka, sístarfandi með miklum fyrirgangi en þessir eiginleikar fóru einnig mest í taugarnar á öðrum. Landfógetinn gat aldrei verið til friðs.

Skúli fær smekk fyrir "handel list"

Skúla var haldið til vinnu utan heimilis eftir þetta. Hann reri til fiskjar á vetrum en á sumrin var hann búðarloka á Húsavík. Þar kynntist hann fyrst kynnst prettum einokunarinnar en kaupmaðurinn kallaði til hans "mældu rétt strákur" til merkis um að vogin skyldi fölsuð þegar innlegg bændanna voru vegin. Skúli missti föður sinn á unglingsaldri en vildi samt ólmur sigla út eftir að hafa lokið heimanámi hérlandis. Í Kaupmannahöfn lenti hann í fjárhagsvandræðum og var kominn á fremsta hlunn með að láta munstra sig á farskip sem stefndi til Kína. Þá varð honum til bjargar danskur prófessor, Hans Gram að nafni, sem fékk Skúla í vinnu við að skrifa upp gömul handrit. Gram átti einnig afburðabókasafn og Skúli sagðist aldrei hafa átt skemmtilegri stundir en í bókastofu prófessorsins. Þar urðu fyrir honum rit um "stjórnarfars- og þjóðhagsfræði" sem gagnatóku hann. Aðalfag Skúla við skólann var guðfræði en hann snerist frá því að verða prestur því að nú áttu efnahagsmál hug hans allan, eins og segir í Veðurvita, kvæðinu góða:

Þá vöruþrangarinn sigldur var;
þá fékk hann smekk og þekking fyrst
á þeirri dýrmætu handel list.

Skúli lagði sig eftir fræðum sem landar hans kölluðu "handel list", sem var líklega samheiti yfir viðskipta- og hagfræði í þeirra munni, og þótti til lítilla nytja. Á þeim tíma lærðu Íslendingar helst guðfræði og lögfræði, en fæstir reyndu að kynna sér atvinnuhætti erlendra þjóða. Landsmenn höfðu löngum fylgst allnákvæmlega með hlutum eins og fatatísku en virtust kæra sig kollótta um nýjungar í verktaekni. Sú trú var auk þess rótgróin að erlendar hagfræðikenningar gætu ekki náð yfir íslenskar aðstæður og hefur sú meinloka reyndar lifað góðu lífi allt fram á þennan dag. Skúli sjálfur taldi fáfræði í hagrænum efnum vera eitt svartasta myrkrið yfir landinu og eitt af baráttumálum hans var að landsmenn myndu læra "handel list".

Hvað kunni Skúli í hagfræði?

Sú hagfræði sem Skúli las nefndist kaupskaparstefna og lagði áherslu á menntun, viðskipti og iðnað sem grundvöll auðmyndunar. Kaupskaparstefnan hefur ekki hlotið sérlega góð eftirmæli vegna slæmra stjórnvaldsaðgerða sem af henni hlutust, t.d. hafta á frjálsri verslun. Hvert ríki átti að hafa sem myndarlegastan vöruskiptaafgang þannig streymdu góðmálmur inn í landið og auðsæld jókst. Þetta minnir um margt á viðskiptastefnu margra þjóða heimsins nú á tímum og var reyndar fátt annað en viðurkenning á því að aukið peningamagn örvaði hagkerfið, án þess að gæta að verbólguáhrifum sem hlutu að fylgja.

Breski hagfræðingurinn G.M. Keynes tók upp hans kann fyrir kaupskaparstefnuna í riti sínu "The General Theory of Money and Employment" frá árinu 1936. Hann lýsti því að hagfræðingar þess tíma hefðu verið á réttu róli um samhengi hagrænna hlutanna og að mörgu leyti var sá "Keynesismi" sem á eftir þeirri bók fylgdi endurbætt útgáfa á kaupskaparstefnunni. Stefnurnar eiga það sammerkt að leggja mikið upp úr "margföldurum" eða keðjuverkandi áhrifum á hagkerfið í heild. Það er með þessum keynesísku formerkjum sem líklega er auðveldast fyrir nútímamenn að skilja tillögur

og hugsun Skúla í efnahagsmálum. Hann áleit að besta leiðin til þess að umbylta íslenska hagkerfinu væri að fá fyrirtæki og kaupskap inn í landið sem síðan margfaldaði út frá sér og þéttbýli myndaðist og landshagur blómgaðist.

Það eru ekki efni til annars en að álíta að Skúli hafi verið allgóður hagfræðingur. Hann dvaldi langdvölum erlendis og lagði sig örugglega eftir nýjustu straumum í hagvísindum. En rit hans "Sveita bóndi" (útgefið árið 1784) ber það t.d. með sér að Skúli hafði lesið Auðlegð þjóðanna eftir Adam Smith sem út kom átta árum áður. (Sveita bóndi fjallaði um framleiðslukostnað og rekstrarhagkvæmni í landbúnaði.) Auk þess átti Skúli mjög gott bókasafn (um 1200 bindi) þar sem án efa hafa verið margar hagfræðibækur. Rannsóknir hans á íslensku efnahagslífi eru stórmerkar og með bestu heimildum um hagkerfið á 18 öld. Hann var einnig talnaglöggur, skrifaði skýrslur og áætlanir með svo góðu hagfræðilegu innsæi að danskir embættismenn kíknuðu í hnjáliðunum. Það var þessi eiginleiki sem óvinir hans sneiddu að þegar þeir kölluðu hann "prosjektmakara".

Skúli verður sýslumaður

Þegar Skúli hafði dvalið tvö ár í Kaupmannahöfn varð hann sýslumaður A-Skaftfellinga árið 1734, þá 22 ára að aldri. Ári síðar heppnaðist honum að ná Skagafjarðarsýslu eftir miklar deilur við amtman landsins. Skúli var í Skagfirði í þrettán ár eða fram til vorsins 1750 og þótti standa sig vel í embætti að áliti Dana. Hann tók snöfurmannalega á launverslun í héraðinu og einnig urðu störf sem ráðsmaður yfir biskupsstólnum á Hólum í Hjaltadal frá 1741 til 1746 til þess að mæla með honum. Þá var danskur maður, Loðvík Harboe, Hólabiskup og þeim Skúla virðist hafa samið vel, en þeir voru jafnaldrar og höfðu báðir lært guðfræði við Hafnarháskóla. Skúli sagði sjálfur í skýrslu til Landsnefndar árið 1770 að upphaf innréttinganna megi rekja til komu Harboe. Þá fyrst hafi Danir farið að veita málefnum Íslands athygli þegar biskupinn flutti stjórninni skýrslu um landið af raunsæi og hefur þar vafalaust mælt með ráðsmanni sínum við yfirvöld ytra. Svo þegar landfógetanum var vikið frá árið 1749 fyrir drykkjuskap og óreglu kom dönskum yfirvöldum í hug að skipa Skúla í stöðuna en fram að því hafði Íslendingum ekki verið treyst fyrir æðstu embættum landsins.

Viðreisn í vændum

Landfógeti komst næst því að vera fjármálaráðherra Íslands. Hann tók við sköttum og gjöldum af landinu og skilaði þeim til konungs. Þetta var umtalsverð ábyrgð og umstang því að konungur átti 16% af jarðeignum landsins. Skúli hafði aðsetur á Bessastöðum fyrsta veturinn í starfi og þar var fyrir Dani, Níels Horrebow að nafni. Hann hafði verið dæmdur frá embætti fyrir sjóðþurrð en ættingjar hans skutu saman og sendu hann í rannsóknarleiðangur til Íslands. Horrebow var vel menntaður og gáfaður þótt eitthvað hafi hann verið óvarkár með peninga. Skúli var með hugmyndir í kollinum um viðreisn landsins og með hjálp Horrebows kom hann þeim saman í yfirgripsmikla áætlun þar sem megináherslan var lögð á ný iðnfyrirtæki. Tillögurnar eru soðnar saman úr mörgu því sem spakir og eftirtektarsamir menn höfðu spáð og spekúlerað um Ísland en settar fram í fyrsta skipti á heildstæðan hátt. Um tiltektir Skúla eftir þennan vetur skrifaði Pingel amtmaður Íslands:

"Yður mun þykja landfógetinn raupsamur í meira lagi, og hefur hann lært það af Horrebow sem hefur stórspillt honum, því áður var hann viðfelldinn maður og skynsamur. Annars þykir mér ásannast hið

fornkveðna, að eigi sé hollt að hefja Íslendinga til vegs og virðingar, því síðan þessi maður varð landfógeti er hann orðinn svo hrokafullur að engu tali tekur."

Fógetinn skundaði síðan á Þingvöll með viðreisnartillögum og hlutafélagssamþykkt í höndum sumarið 1751 og hét á menn að styðja sig. Það var sem eldmóður Skúla væri smitandi því að hann fékk helstu embættismenn landsins til þess að gerast hluthafar í nýju fyrirtækjunum. Síðan sigldi Skúli utan um haustið og tók með sér íslenska ull og lét vinna í spunaverksmiðjum ytra.

Sólin skín á Íslendinga

Í Kaupmannahöfn gerði Skúli æðstu mönnum Danaveldis heimsókn vopnaður spunninni ull og viðreisnartillögum. Og nú gerðust undarlegir hlutir. Danir höfðu hingað til verið fegnir að hirða arðinn af Íslandsversluninni en leiga af konungsjörðum hafði nægt til þess að standa straum af stjórnarkostnaði af landinu. Fjármagnið hafði aðeins streymt í eina átt, frá landinu. En þegar raupsamur landfógeti kom í heimsókn veturinn 1751-52 opnuðust fjárhirslur konungs upp á gátt og embættismenn hans sýndu jafnvel sjálfir áhuga á því að kaupa hlutabréf í hinum nýju fyrirtækjum.

Hvað var það sem gerðist?

1. Tillögurnar voru vel skrifuð ritgerð um Ísland á fallegrri dönsku og hefur Horrebow líklega komið þar að verki. Skúli hóf mál sitt á því að líkja konungi Dana við sólina. Ísland sé bæði fjarríki konungi sínum og sólinni en konungur geti samt bætt þeim upp sólarleysið með því að styðja landið til framfara. Friðrik V. Danakonungur hreifst svo af skjalinu að hann hækkaði fyrirhugað framlag til innrétinganna úr 6.000 dölum í 10.000. Þetta var í fyrsta og eina skipti sem hann greip fram fyrir hendur embættismanna sinna í málefnum Íslands.
2. Tímasetningin var heppileg. Tillögur Skúla voru sviplíkar því sem danskir hagfræðingar lögðu á ráðin um fyrir sitt land en iðnaður var þá skammt á veg kominn í Danmörku. Skúli kunni einnig góð skil á kaupskaparstefnunni og sá boðskapur féll vel að smekk danskra embættismanna. Þá skrifaði Horrebow sína eigin skýrslu sem studdi mál Skúla og var lesin samhliða tillögum hans.
3. Hugmyndirnar breyttu ekki hagstjórn landsins í grundvallaratriðum. Þær hreyfðu ekki við verslunareinokuninni, gullgæs konungsins, heldur þvert á móti gaf Skúli í skyn að tekjurnar myndu aukast. Þá skyldi ekkert hreyft við máttarstólpum íslenska kerfisins s.s. vistarbandinu. Reyndar gaf Skúli í skyn að tekjur bænda, t.d. af ullinni, myndu aukast með tilkomu iðnfyrirtækja. Viðreisnin fólst í því að setja eitthvað nýtt niður í Reykjavík sem allir, Danir sem Íslendingar, myndu hagnast á.

Reykjavík rís af grunni

Þannig fékk ofvirkur fógeti fullar hendur fjár í einni andrá og nú skyldi Ísland reist við. Skúli keypti þegar tvær duggur og fermdi þær með áhöldum, timbri og fólki og sigldi til Íslands með herlegheitin um vorið og hóf að reisa hús og verksmiðjur í

Reykjavík. Náð konungs skein næstu sex ár en alls lagði hann fram 61 þúsund dali á þessum tíma. Þetta voru geysimiklar fjárhæðir en landsframleiðsla var þá um 400.000 ríkisdalir að meðaltali og alls hefur tillag konungs því verið um 15% af henni. Ef tekið yrði sama hlutfall af landsframleiðslu ársins 1996 yrði um 74 milljarða króna að ræða. Á þessum sex árum hagnaðist konungur um 94 þúsund dali af einokuninni svo að meira fjármagn rann til hans en frá. Íslensku hluthafarnir lögðu fram alls 6.250 dali eða rúm 9% stofnkostnaðar. Skúli nýtti sér sólskinið frá Kaupmannahöfn til þess að stofna fjölda nýrra fyrirtækja og hafði ærið mörg járn í eldinum sem leiddi síðar til erfiðleika í stjórnun og rekstri. Örlæti Dana var líka brátt á enda og Skúli sat uppi með miklar fjárfestingar en lítið rekstrarfé til þess að halda þeim gangandi.

Hvernig skal breyta landeigendum í kaupmenn?

Skúli vildi að innrétingarnar yrðu undanþegnar einokuninni en það var ætlun hans að nota skúturnar tvær til þess að selja beint á markað ytra. Í þann tíma hafði verslunarfélag Hörmangara Ísland á leigu og þessi undanþága angraði þá. Afurðir innrétinganna voru auk þess í beinni samkeppni við innflutning þeirra. Þess vegna voru sífelldar erjur á milli þeirra og Skúla. Fógetinn barði á kaupmönnum fyrir verslunarfals, maðkað mjöl og ónýta öngla, en Hörmangarar kærðu Skúla fyrir fjárvik í tengslum við innrétingarnar og verslunarbrot. Hins tóku þessar deilur enda þegar Hörmangarar svikust um að flytja korn til landsins eftir mikil harðindi veturinn 1754-55. Þá féllu margir úr hungri og landsmenn sameinuðust gegn Hörmöngurunum sem hrökkludust frá Íslandsversluninni árið 1758.

Nú áleit Skúli lag að ganga á milli bols og höfuðs á einokuninni. Hann lagði fram frumvarp til þess að landsmenn sjálfir tækju að sér verslunina:

"Hvers vegna eigum vér að láta erlenda menn eina hafa atvinnu af íslenskri verslun? Hvers vegna eigum vér að láta þá mala kornið, baka brauðið, byrta ölið, brenna brennivínið, tilreiða tóbakið, smíða mestöll járn- og málmaáhöld til almenningsnota, spinna og vefa línúkana, snúa færin, slátra fé voru og salta fisk vorn? Vér höfum sjálfir nægilegt vinnuafl til alls þessa, ef vér aðeins viljum færa oss það í nyt. Verslunin getur aldrei orðið landinu til verulegrar farsældar fyrri en landsmönnum sjálfum er gefið færi á að taka þátt í henni."

Hins vegar kunnu landsmenn lítið til verslunar og vantaði þar að auki rekstrarfé en Skúli kunnir ráð við því. Hann vildi að tekið yrði lán í Kaupmannahöfn og jarðeignir landsins settar að veði. Þannig fengist fé til nýrra fjárfestinga og tryggt yrði að íslenski landeigendaaðallinn fengi hlutdeild í verslunargróðanum.

Flestir geta samsinnt fógetanum í því að utanríkisverslun og þéttbýli væru lykillinn að velsæld Íslands, en þurftu landsmenn sjálfir að taka við versluninni í einni hendingu? Skúli ásakaði danska einokunarkaupmenn um að standa í vegi landsframfara en hafði ekki nema að hálfu leyti rétt fyrir sér. Kaupmenn gátu lítið sem ekkert beitt sér þótt þeir fegnir vildu því að lög landsins bönnuðu þeim að hafa fasta búsetu, ráða Íslendinga í vinnu, gera út skip eða fjárfesta í nokkru öðru því að íslenskir landeigendur vildu ekki samkeppni á vinnumarkaði eða nýja stétt sem keppti við þá um völdin. Líklega hefur Skúli gert sér grein fyrir öllu þessu sem hér er skrifað en hann var í erfiðri aðstöðu. Hann vissi gjörla hvar hinn rétti vegur lá en varð með einhverjum hætti að tæla bæði konung og Íslendinga til þess að ganga hann. Landsmenn samþykktu loks með semingi en konungsmenn hugsuðu málið langa hríð

og neituðu síðan á endanum. Þeim þótti heldur mikið í húfi þar sem voru tekjurnar af einokuninni. Konungur reyndi þá að bjóða út verslun á einstökum höfnum og innréttngarnar áttu að fá verslunarleyfi í Reykjavík og á Húsavík. Borgarar Kaupmannahafnar tóku sig saman um að bjóða ekki í neinar hafnir með þessum skilmálum og konungur varð að sjá sjálfur um verslunina. Það er forvitnilegt að velta fyrir sér hvað hefði gerst ef frumvarp Skúla hefði náð fram. Hefði reksturinn endað með gjaldþroti eða hefði landið tekið stökk til framfara 50-100 árum á undan því sem síðar varð? Ef Skúli hefði fengið verslunarleyfi fyrir innréttngarnar í Reykjavík hefði líklega skipt fljótt úr tapi yfir í hagnað, að því gefnu að rétt hefði verið haldið á spílunum.

Þessar tillögur lagði Skúli aftur fram árið 1770 lítið breyttar. Nú gátu kaupmennirnir að vísu verið norskir eða danskir en þeim bar skylda til að búa hér. Konungur gaf þá landsmönnum í raun frelsi til þess að velja sér verslunarfyrirkomulag en mikill meirihluti íslenskra embættismanna hafnaði slíkum hugmyndum. Þeir báðu um að einokuninni yrði fram haldið og þeim varð að ósk sinni í sautján ár til viðbótar.

Reykjavík sameinuð versluninni

Skúli varð skyndilega framkvæmdastjóri yfir stóru fyrirtæki árið 1752 og hafði litla reynslu af slíkum störfum. Líklega voru fáir eða engir í landinu sem kunnu eitthvað til slíkra verka. Skúli hafði auk þess ansi mörgum öðrum hnöppum að hneppa. Hann þurfti að rækja starf sitt sem fúgeti en jafnframt standa í málaskaki í Kaupmannahöfn. Skúli hafði starfsþrek á við nokkra menn en þetta allt sligaði hann. Hann hafði engan sem gat rekið stofnanirnar á meðan hann dvaldi erlendis og rekstur þeirra fór bráðlega að flækjast saman. Peningagjafir konungs voru stílaðar beint á Skúla sem varð tilefni til ákæra frá Hörmöngurum og slæms orðróms á meðal Íslendinga. Skúli var líka einráður að eðlisfari og vildi einn ráðskast með allt í Reykjavík. Hann hafði aðra hluthafa lítt með í ráðum sem dæmi um það var aldrei haldin aðalfundur í eignarhaldsfélagi innréttnganna. Það hefur kannski átt stóran þátt í því að áhugi annarra íslenskra áhrifamanna á framgangi Reykjavíkur hvarf en sinnuleysi og jafnvel neikvæðni tók við. Það sem var þó alvarlegast var að reksturinn gekk illa og trúin á hin nýju fyrirtæki tók brátt að dala.

Þegar konungur tók við versluninni 1758 vænkaðist hagurinn og t.d. var ullarútflutningur bannaður tímabundið svo að stofnanirnar fengju einkarétt á því hráefni. En embættismönnum konungs þótti ábatinn af versluninni lítill miðað við erfiðni og leiddist stímabrákið vegna innréttnganna. Þeir ákváðu loks árið 1763 að landið skyldi leigt í einu lagi eins og venja hafði verið til og innréttngarnar skyldu fylgja með í kaupunum. Við öllu tók Almenna verslunarfélagið, eitt stærsta verslunarfélag Dana, sem m.a. tók þátt í þrælaverslun frá Afríku til Ameríku, en hafði auk þess Grænland á leigu og verslaði mikið við Miðjarðarhafslönd. Félagið varð fyrst til þess að markaðssetja íslenskan fisk á Spáni og Ítalíu og markaðirnir suður þar urðu brátt mjög mikilvægir. Eigendur innréttnganna, Skúli og fleiri íslenskir embættismenn, urðu sjálfkrafa hluthafar í verslunarfélaginu. Þegar hér var komið sögu hafði félagið starfað í sextán ár og var nær gjaldþrota. Íslandsverslunin átti að bæta efnahaginn en þrátt fyrir það varð félaginu ekki bjargað. Skúla líkaði sameiningin illa en fékk að vísu sjálfan sig skipaðan eftirlitsmann með innréttngunum.

Dönsku kaupmönnum þótti illt að sitja uppi með tapið af innréttngunum. Ef til vill gátu þær borgað sig einar sér en verslunarfélagið græddi mun meira á því að flytja inn

dönsk klæði og óunna íslenska ull út en að láta vinna hana í Reykjavík. Ekki var heldur frítt við það að fógetinn hefði annað í huga en gróða þegar hann skipaði málum. Skúli leit á stofnanirnar sem iðnskóla fyrir landið og vildi ráða sem flesta að þeim.

Fógetinn tapar

Fjárkláði kom upp á Íslandi árið 1760 sem drap fé á stórum svæðum og gerði ullariðnaðinum erfitt fyrir. Skúli sendi fyrst menn til ullarkaupa í fjarlæggar sveitir en svo árið 1766 sendi hann skútu innréttinganna til Kaupmannahafnar til þess að kaupa danska ull. Þá var kaupmönnum nóg boðið og var skútan tekin, höggvin upp og eyðilögð. Verslunarfélaginu var skylt að halda innréttingunum gangandi en reyndi að draga sem allra mest úr umsvifum. Hingað var sendur norskur maður, Ari Guðmundsson, og átti hann að vera kaupmaður í Reykjavík og stjórna stofnunum. Ari byrjaði á því að reka 53 menn úr vinnu og voru þá aðeins 26 eftir við stofnanirnar. Um þá ráðstöfun sagði hann síðar: "Það er skoðun mín, að stofnanirnar séu eigi ætlaðar til að vera opið hæli og samkunduhús fyrir alls konar flökkukindur, letingja, drykkjuríta og ónytjunga". Ari var drjúgur í kjafinum og ófyrirleitinn og gneistaði frá þegar hann og Skúli mættust. Einn af þeim vefurum sem Ari rak úr vinnu, bar það fyrir rétti að ástæðan fyrir brottrekstrinum hefði verið sú að hann afkastaði of miklu. Skúli lenti einnig í deilum við stjórn Verslunarfélagsins vegna skuldaskila og hlutabréfa sem Íslendingar áttu í félaginu. Of langt yrði að rekja þau mál hér, en vegna þeirra þurfti hann að dveljast langdvölum erlendis og þeim lyktaði með ósigri hans. Félagið setti hann síðan af sem eftirlitsmann árið 1769 og var hann með því algerlega sviptur áhrifum sínum á fyrirtækin í Reykjavík.

Hefnd, hefnd

Eftir þessa ósigra svall fógetanum móður til hefnda og fyrst skyldi tukta Ara til. Verslunarfélagið gaf á sér höggstað 1768 með því að flytja skemmt mjöl til landsins. Vorið eftir hvatti Skúli sýslumenn til þess að kanna vöruinnflutning kaupmanna og gera upptækt það sem ekki væri getið í verðskrá. Þann fjórða júlí 1769, þremur dögum eftir að Skúli var settur af sem eftirlitsmaður innréttinganna, sat hann fyrir verslunarskipi Reykjavíkur. Um leið og róið var í land með vörunar tók Skúli þær og innsiglaði eða gerði upptækar. Hann gekk jafnvel svo langt að gera húsleit hjá Ara sjálfum og dró fjóra léreftsstranga undan rúmi dóttur hans. Ari varð æfur, barði saman hnefum með ópi og illum látum og hafði yfir óbótaskammir en Skúli var hæglyndið uppmálað. Vitanlega hafði Skúli gengið of langt því að þessi upptekt var síðar dæmd ólögleg og sýslumönnum skipað að skila aftur vörunum. Hins vegar hafði Skúli náð að beygja Ara og þessi sena varð afar mikilvæg seinna í sjálfstæðisbaráttunni. Brátt kom þá að því að Ari var rekinn úr starfi vegna kvartana um svindl og fautaskap við verslunina.

Skúli átti margra harma að hefna við Verslunarfélagið og vildi auk þess bjarga óskabarni sínu, Reykjavík. Hann dró saman allar ákærur sínar á hendur félaginu, stórar sem smáar, og lagði til atlögu við þetta alþjóðlega fyrirtæki nánast einn og óstuddur en landar hans vildu helst ekkert nærri þessu koma. Skúli sótti málið af takmarkalausri þrjúsku og harðfylgi og varð nærri gjaldþrota í því umstangi. Í miðju málastappinu, árið 1774, fór Alþjóðlega verslunarfélagið á hausinn og konungur tók við þrotabúinu. Skúli skaut málinu til hæstaréttar 1777 en lýsti sig fúsan til sátta. Sættir tókust 1778 þegar Skúli seldi konungi hlutabréfin sín og afsalaði sér

stofnunum. Lauk þar með afskiptum Skúla af stofnunum í Reykjavík sem staðið höfðu í nærfellt 30 ár.

Hart í bak

Þegar Skúli skilaði innréttunum af höndum sér 1778 stóð hann nálægt sjötugu og hafði þá verið ýtt út í horn í landsmálum. Nú höfðu tekið við stjórn landsins íhaldssamir menn undir stjórn Stefánunga (Stephensensættarinnar) en eftirmaður Skúla var einmitt Magnús Stephensen. Ættfaðir þeirra Stefánunga, Ólafur amtmaður Stefánsson, kvartaði sáran undan því að fólk væri lokkað frá sveitum til sjávarbyggða og nú var með öllum ráðum reynt að hindra þéttbýlismyndun, t.d. með því að banna lausamennsku alfarið árið 1783. Fram að því hafði vel stæðum mönnum leyfst að vinna sjálfstætt en nú var öllum skylt að vera vistráðnir eða gerast bændur sjálfir. Þetta algera bann við lausamennsku kom einmitt á þeim tíma sem konungur var að þreifa fyrir sér með útgerð í Hafnarfirði og auglýsti eftir íslenskum hásetum.

Stofnanirnar skiluðu tapi undir stjórn konungs en frá 1774-1784 var hallinn af ullarvinnslunni 12.900 dalir, en 4.270 dala gróði varð af brennisteinsvinnslu. Tapið var konungsmönnum lítt að skapi en innréttunum var samt viðhaldið til ársins 1787 þegar verslunareinokunin var afnumin og öll verslunarhús seld ásamt byggingunum í Reykjavík. Spunaiðnaður hélt áfram fram að aldamótunum 1800 en annars voru húsin tekin undir embættisbústaði og arðbærari atvinnurekstur, t.d. var opnuð veitingakrá í Reykjavík 1789 og hefur sú starfsemi haldist óslitið síðan. Næstu áratugi varð Reykjavík að miðstöð fyrir stjórnsýslu og menntir í landinu og óx hægt, enda var fólki bannað með lögum að setjast þar að fram til 1863 þegar lausamennska var leyfð aftur á Íslandi með svipuðum hætti og fyrir árið 1783.

Sá gamli í Viðey

Skúli var landfógeti í 43 ár eða frá 1750 til 1793. Störf hans voru margvísleg á þeim tíma og hér hefur aðeins verið minnst á fáein atriði af því sem hann tók sér fyrir hendur. Hann átti í fjárhagsbasli síðari hluta ævinnar og kom þar margt til. Hann stóð í löngum og kostnaðarsömum málaferlum og tengdasynir hans, fjórir að tölu, urðu ekki til bóta. Þeir voru allir óreiðumenn í fjármálum og urðu gjaldþrota, lífs eða liðnir, og lentu þrotabúin á Skúla. Hann fékk elsta son sinn, Jón, skipaðan sér til aðstoðar við fógetastörfin en sá var heldur drykkfelldur og virðist ekki hafa erfð talnaskyn föður síns. Hagur Skúla vænkaðist þó við sættargerðina 1778 og honum heppnaðist að halda öllu á floti meðan hann lifði þótt amtmenn landsins reyndu sífellt að sanna upp á hann sjóðþurrð.

Skúli andaðist níunda nóvember árið 1794, þá 83 ára að aldri. Heldur var hljótt um minningu Skúla næstu áratugi enda runnu stjórn málastraumar lengi vel á móti stefnu hans sem sést af því að vistarbandið var ekki afnumið fyrr en árið 1894. Fyrir þann tíma gat enginn sest að við sjávarsíðuna án þess að kaupa sér frelsi áður. Hins vegar fór baráttan fyrir þjóðfrelsi brátt að verða helsta hreyfiaflið í stjórn mála og í þeim sviptingum var merki Skúli hátt borið fyrir þjóðernishreyfingu landsins vegna þess hve rösklega hann hafði barið á einokunarkaupmönnum. Vafalaust hefði Skúli barist fyrir sjálfstæði hefði hann lifað á þeim tímum en hinu skal ekki gleyma að hann var sá íslenskur embættismaður sem best féll Dönum í geð á sinni tíð, kannski vegna þess að hann bjó í sama hagfræðilega hugmyndaheimi og þeir en hafði ekki asklok fyrir himin eins og margir landar hans. Það voru Danir sem fyrst og fremst studdu Skúla til dáða.

Var Skúli "endurlífargari Íslands?"

Skúli Magnússon var sannarlega þrekmikill maður en samt tókst honum ekki að fullu ætlunarverk sitt, að draga þjóðina með sínu eigin handafli fram úr myrkri miðalda. Myrkrið var reyndar heldökkt á þessum tíma, átjándu öldinni, þegar landsmenn sátu í vesöld og örbirgð. Það varð margt til þess að vinna á móti fógetanum, t.d. dönsk verslunareinokun, en þeir sem fastast unnu á móti voru þó hans eigin landar. Það var nú svo að Íslendingum þótti skemmtilegt myrkrið. Landsmenn gátu fallist á að nota nýja vefstóla, kannski mátti pota niður kartöflum, en þeir voru fastlega á móti nýri samfélagssýn Skúla, þéttbýli, verslun og fiskveiðum. Kannski togaði fógetinn í eilíftíð skakka átt. Hann virðist hafa lagt allt sitt afl í ullarvinnsluna en gefið frá sér útgerðina. Spunaiðnaður var í miklu uppáhaldi hjá hagfræðingum þess tíma sem sú grein sem lá best við vélvæðingu. Og það gekk að lokum eftir. Í þann mund sem innrétingarnar voru að lognast út af hófst iðnbylting í Bretlandi sem spratt mikið til af framförum í fataiðnaði.

Hlutfallsyfirburðir Íslands voru þó á sviði fiskveiða en vart í ullarframleiðslu og seinna varð iðnvæðing Íslands borin uppi af fiskiveiðum og -vinnslu. Ef Skúli hefði safnað reynslu og þekkingu á djúpsjárveiðum má vera að innrétingarnar hefðu orðið að gróðafyrirtæki. En það skiptir ekki öllu máli. Lög og reglur hér innanlands komu í veg fyrir framþróun, og eitt arðbært sjávarútvegsfyrirtæki í Reykjavík hefði líklega ekki breytt þar miklu um. Stofnanirnar í Reykjavík minna um margt á þróunaraðstoð á okkar dögum, þar sem "prosject" af ýmsum stærðum og gerðum eiga að koma þriðja heims þjóðum á hraðferð til iðnvæðingar. Hinn raunverulegi skolli er ávallt höft á frjálsum markaði. Þeim hömlum á framþróun er yfirleitt viðhaldið af ráðamönnum.

En Skúli gerði það sem hann gat og hagfræðikunnátta hans sagði til um. Honum heppnaðist að herja dálítið af einokunargróðanum út úr Danakonungi og sáði fyrir nýjum akri í örfoka jarðvegi. Fræin urðu síðan með tíð og tíma að hinum fegurstu blómstrum, höfuðborg Íslands. Það getur verið að spunaverksmiðjur, kaðlagerð og fleira þess háttar hafi farið á hausinn og horfið, slíkt eru oft örlög fyrirtækja og jafnvel heilla atvinnugreina, en Reykjavík óx og dafnaði. Það eitt skiptir máli. Þótt innrétingarnar væru reknar með tapi í fyrstu hafa þær skilað óhemju miklum arði á síðustu 100 árum.

Hvað gerði Skúli rangt?

Þróunarstarf vantaði

Það hefði verið betra að stofna færri fyrirtæki í byrjun, standa betur að þeim og stunda rannsóknir áður en lagt var út í framkvæmdir. Síðandi lukka er best en framsókn Skúla fólst í einum stórsigri í byrjun og síðan hægfare undanhaldi næstu 30 árin.

Meira aðhald í rekstri

Skúli var frægur af rausnarskap og það er ljóst af reikningum innrétinganna að hann greiddi mun hærri laun en tíðkast á Íslandi. Það var m.a. hluti af stolti hans að sýna fram á að nýir hættir gæfu betur af sér en gömul vinnubrögð. Stofnanir fengu orð á sig fyrir óhóf og betra hefði verið að sýna meiri ráðdeild í rekstri.

Röng stefnumótun

Þótt nýjungar Skúla hafi mætt miklum erfiðleikum hefðu fyrirtækin kannski náð að sigla í gegn ef áherslan hefði verið lögð á útgerð og fiskvinnslu í stað ullarvinnslu. Fljótlega eftir 1760 var útgerðin gefin upp á bátinn eftir taprekstur en allur þungi lagður á vefnað. Hlutfallsyfirburðir Íslands voru á sviði fiskveiða en vart í ullarframleiðslu og sérstaklega ekki eftir að ullarkynbæturnar misheppnuðust með fjárkláðanum.

Vandamál sem fylgdu innréttingunum

Íslands góður ábate

af innréttingum hygg ég sé

kominn er Franzós, kláði í fé

og Kúrantmynt fyrir specie

Kominn er Franzós:

Skúli fékk útlendinga til þess að kenna Íslendingum ný handtök. Hingað voru fengnar fjórtán bændafjölskyldur frá Jótlandi og Noregi, auk fjölda Dana sem áttu að koma innréttingunum á fót í Reykjavík. Útlendingarnir voru margir heldur meiri í orði heldur á borði. Þeim líkaði illa við mataræðið og þjóðina og nær allir þeirra voru fljótir að láta sig hverfa frá landinu. Verra var var að Danirnir báru með sér sárásótt eða "Fransós". Þessi kynsjúkdómur varð brátt að faraldri á meðal Reykvíkinga og skemmdi fyrir innréttingunum með illu orðspori og missi þjálfaðs fólks. Tengdasonur Skúla Bjarni Pálsson landlæknir náði þó að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

Kláði í fé:

Skúli stofnaði sauðfjárbú og fékk sérfróðan mann, Hastfer barón, til þess að reka það. Hastfer flutti inn enska kynbótahrúta til þess að bæta ull íslenska fjárstofnsins en þeir báru með sér kláðaveiki sem drap sauðfé á stórum svæðum og olli miklum rekstrarvanda hjá ullarvinnslunni í Reykjavík.

Kúrantmynt fyrir specie

Skúli vildi taka upp peninga í stað hefðbundinna skuldaviðskipta en um aldir höfðu landsmenn notað fornar mynteiningar, álnir og fiska, sem voru studdar af raunverulegum verðmætum. Hagkerfi landsins var í rauninni á "fiskfæti" með svipuðum hætti og "gullfótur" var síðar notaður. Einn fiskur var alltaf einn fiskur og því var verðbólga óþekkt en málmpeningar (spesíur) voru helst notaðir til þess að geyma verðmæti. Hingað til lands komu kúrantdalir sem voru úr pappír en Danir fóru heldur óvarlega í prentun þeirra og því rýmuðu þeir fljótt í verði en landsmönnum þótti það til lítilla framfara að fá verðbólgu inn í landið.

Kjarninn í viðreisnartillögum Skúla árið 1751

1. Akuryrkja yrði eflað og unnið að öðrum umbótum í ræktun og húsdýrahaldi. Til þessa áttu 15 bænda fjölskyldur frá Danmörku og Noregi að setjast hér að og kenna landsmönnum ný handbrögð.
2. Verksmiðjum yrði komið á fót í Reykjavík til að vinna úr hráefnum landsins.
3. Skógrækt yrði hafin til þess að sjá landinu fyrir timbri til bátasmíði og húsbygginga.
4. Efla fiskveiðar, bæði á bátum og á þilskipum. Þilskipin áttu svo einnig að geta nýst til siglinga og flutninga á milli landshluta.
5. Verslunarfélagið skyldi skuldbundið að flytja meiri peninga til landsins. Svo í stað þess að vera oft neyddir til þess að taka út ónaðsynlega vörur gætu Íslendingar fengið peninga sem gætu svo verið notaðir sem varasjóðir í hörðum árum.
6. Verslunarfélagið skyldi flytja inn meira af timbri og nauðsynjavörum og kenna Íslendingum að salta fisk.
7. Skúli bað um 6000 dala styrk auk jarðanna Reykjavíkur, Efferseyjar og Hvaleyrar. Að launum skyldi nafn konungs verða ódauðlegt meðal allra þjóða fyrir að hafa bjargað Íslendingum frá glötun.

(Sjá Hrefna Róbertsdóttir 1996)

Heimildaskrá

Ásgeir Jónsson: Siglt gegn vindi (Íslensk hagsaga 1400-1600). Fjármálatíðindi, 2 hefti 1994.

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson: Ferðabók. Reykjavík 1981.

Gísli Gunnarsson: Upp er boðið Ísaland (Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787). Reykjavík 1987.

Gunnar M. Magnússon: Jón Skálholtsrektor. Reykjavík 1959.

Hrefna Róbertsdóttir: Áætlun um allsherjar viðreisn Íslands 1751-1752. Í Landnámi Ingólfs, fimmta bindi, Reykjavík 1996.

Jón Espólin: Saga frá skagfirðingum 1685-1847. Fyrsta bindi. Reykjavík 1976.

Jón Helgason: Kristnisaga Íslands II. Reykjavík 1927.

Jón Jónsson Aðils: Einokunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787. Reykjavík 1971.

Jón Jónsson Aðils: Skúli Magnússon, landfógeti. Reykjavík 1911.

Lýður Björnsson: Ágrip af sögu innréttinganna. Í Reykjavík í 1100 ár. Reykjavík 1974.

Lýður Björnsson: Skúli fógeti. Reykjavík 1968.

Páll Vídalín og Jón Eiríksson: Um viðreisn Íslands, Deo, regi, patriae. Reykjavík 1985.

Þorvaldur Gylfason: Brautryðjandinn. (Jón Sigurðsson). Viðskipta- og hagfræðingatal. Reykjavík 1996.